**Hulda Kristjánsdóttir**

| | |
|---|---|
| **From:** | Magnús Þór Ásmundsson <magasm@rarik.is> |
| **Sent:** | þriðjudagur, 3. október 2023 16:15 |
| **To:** | Hulda Kristjánsdóttir |
| **Cc:** | Líney Sveinsdóttir |
| **Subject:** | RE: Bókun sveitarstjórnar Flóahrepps - Rafmagnsöryggi |
| **Attachments:** | Svar RARIK við erindi Flóahrepps um rafmagnsöryggi 3.10.2023.pdf |

Sæl Hulda

Ég vil byrja á því að afsaka að nokkuð hefur dregist að koma til ykkar svari en við höfum þurft að skoða málið og afla gagna til að geta svarað sem best.
Meðfylgjandi er svar okkar við bókun og erindi sveitastjórnar frá 15. ágúst.

Ath. að bréfið er eingöngu sent með tölvupósti.

Kveðja,
Magnús Þór

**Magnús Þór Ásmundsson**

Forstjóri | CEO
Rarik ohf
+354 528 9000 | +354 528 9990 |
www.rarik.is

RARIK Fyrirvari / Disclaimer

**From:** Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>
**Sent:** fimmtudagur, 17. ágúst 2023 11:44
**To:** Magnús Þór Ásmundsson <magasm@rarik.is>; Tryggvi Þór Haraldsson <TryHar@rarik.is>; Þórir Tryggvason <thotry@rarik.is>; Viðskiptaver RARIK <rarik@rarik.is>
**Cc:** Árni Eiríksson <arni@floahreppur.is>; hallieinars@gmail.com
**Subject:** Bókun sveitarstjórnar Flóahrepps - Rafmagnsöryggi

Góðan dag

Meðfylgjandi er bókun sveitarstjórnar Flóahrepps frá fundi þann 15. Ágúst:

> ***„Erindi frá Ólafi Sigurðssyni – Rafmagnsöryggi***
> *Fyrir liggur erindi frá Ólafi Sigurðssyni hjá 360°hótel í Mosató, Flóahreppi. Bent er á neikvæðar afleiðingar rafmagnsleysis fyrir starfsemi hótelsins þar sem þau verða fyrir vatnsleysi þegar rafmagnið fer af við dæluskúr vatnsveitunnar. Óskað er eftir aðgerðum vegna málsins til að tryggja að ekki verði vatnslaust þegar rafmagnsleysi verður svæðinu.*
> *Sveitarstjórn þakkar innsent erindi. Sveitarstjórn leggur áherslu á að straumleysi vegna viðgerða sé tilkynnt af RARIK eins fljótt og unnt er svo að hægt sé að undirbúa og minnka tjón af völdum rafmagnsleysis. Ófyrirséðar bilanir geta orðið á dreifikerfinu sem erfitt er að eiga við. Ljóst er að í sveitarfélaginu er fjölbreytt atvinnustarfsemi og rafmagnsöryggi á svæðinu því mikilvægt. Dreifikerfi RARIK í Flóahreppi liggur að mestu í jarðstrengjum en loftlínur tengja kerfið einnig saman að hluta og eru bilanir á kerfinu algengastar þar sem finna má loftlínur. Sveitarstjórn leggur áherslu á að dreifikerfi innan sveitarfélagsins verði styrkt eins og*

*kostur er til að tryggja rafmagnsöryggi í sveitarfélaginu og telur að setja ætti loftlínu frá aðveitustöð á Selfossi í austurátt í forgang.*
*Samþykkt með 5 atkvæðum."*

Fyrir hönd sveitarstjórnar Flóahrepps þá kalla ég eftir viðbrögðum RARIK við erindinu og bókun sveitarstjórnar. Við lendum ítrekað í rafmagnsleysi á svæðinu og teljum rafmagnsöryggi á svæðinu ábótavant. Rafmagnsöryggi er mjög mikilvægt til að tryggja mikilvæga innviði líkt og afhendingu neysluvatns hjá okkur. Geti RARIK ekki tryggt rafmagnsöryggi með bættu dreifikerfi þá köllum við eftir því að RARIK taki þátt í rekstri á varaafli við dælur vatnsveitunnar svo hægt sé að tryggja nauðsynlega innviði.

Ég óska einnig eftir því að fá afrit af langtímaáætlun RARIK vegna endurnýjunar og styrkingar á dreifikerfinu og upplýsingar um framkvæmdir við endurnýjun og styrkingu á dreifikerfinu í Flóahreppi síðustu 5 árin, þ.m.t. framkvæmdir yfirstandandi árs sem búnar eru eða eru í vinnslu.

Bestu kveðjur
Hulda

**Hulda Kristjánsdóttir**
**Sveitarstjóri Flóahrepps**
hulda@floahreppur.is
www.floahreppur.is I 480 4370 I Þingborg

FLÓAHREPPUR HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG Flóahreppur HEIMSMARKMIÐIN

*Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9.mgr.47.gr laga nr. 81/2003 um fjarskipti.*

Flóahreppur Reykjavík,
Bt. Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra Flóahrepps
Þingborg
801 Selfoss

MÞÁ/TÞH/ls 3. október 2023

**Efni: Svar við fyrirspurn f.h. sveitarstjórnar vegna erindis frá Ólafi Sigurðssyni um rafmagnsöryggi og bókun sveitarstjórnar 15. ágúst 2023.**

Vísað er til tölvupósts Huldu Kristjánsdóttur sveitarstjóra Flóahrepps frá 17. ágúst sl. og í bókun sveitarstjórnar Flóahrepps 15. ágúst 2023 vegna erindis frá Ólafi Sigurðssyni hjá 360° hótel í Mosató, Flóahreppi. Í erindinu bendir Ólafur á neikvæðar afleiðingar rafmagnsleysis fyrir starfsemi hótelsins þar sem þau verða fyrir vatnsleysi þegar rafmagn fer af dæluskúr vatnsveitunnar. Óskað er eftir aðgerðum vegna málsins til að tryggja að ekki verði vatnslaust þegar rafmagnslaust verður á svæðinu. Þá kemur fram að sveitarstjórn leggi áherslu á að straumleysi vegna viðgerða sé tilkynnt af RARIK eins fljótt og unnt er svo hægt sé að undirbúa og minnka tjón af völdum rafmagnsleysis. Jafnframt að í sveitarfélaginu sé fjölbreytt atvinnustarfsemi og rafmagnsöryggi á svæðinu því mikilvægt. Sveitarstjórn leggur áherslu á að dreifikerfi innan sveitarfélagsins verði styrkt eins og kostur er til að tryggja rafmagnsöryggi í sveitarfélaginu og telur að setja ætti loftlínu frá aðveitustöð á Selfossi í austurátt í forgang. Þá segir í tölvupósti sveitarstjóra að íbúar lendi ítrekað í rafmagnsleysi á svæðinu og að rafmagnsöryggi sé talið ábótavant. Geti RARIK ekki tryggt rafmagnsöryggi með bættu dreifikerfi þá er kallað eftir því að RARIK taki þátt í rekstri á varaafli við dælur vatnsveitunnar til að tryggja nauðsynlega innviði. Að lokum er óskað eftir langtímaáætlunum RARIK vegna endurnýjunar og styrkingar á dreifikerfinu og upplýsingum um framkvæmdir við endurnýjun og styrkingu í dreifikerfinu í Flóahreppi síðustu 5 árin.

RARIK tekur undir að það skapar vissulega neikvæðar afleiðingar þegar rafmagn fer af, enda byggir starfsemi heimila og fyrirtækja mjög á því að rafmagn sé til staðar. Af þeirri ástæðu leggur RARIK mikla áherslu á að tryggja afhendingaröryggi eins og kostur er, þótt því miður sé ekki hægt að útiloka straumleysi, hvort sem er vegna ófyrirsjáanlegra atburða eða vegna vinnu við kerfið, m.a. til að styrkja það og bæta. Dreifikerfi RARIK í dreifbýli er mjög umfangsmikið og dýrt og endurnýjun þess með jarðstrengjum stendur yfir og mun gera áfram næsta áratug eða svo. Gríðarlega kostnaðarsamt væri að byggja kerfið þannig upp að allir hefðu varatengingu eða varaafl og hefur krafa um slíkt ekki verið sett fram gagnvert dreififyrirtækjunum, enda kallaði það á verulega hækkun gjaldskrár í dreifbýli. Því hefur fyrirtækið hvatt alla þá viðskiptavini sem einhverra hluta vegna geta ekki misst rafmagn að koma sér upp varaafli. Gildir það einkum um mikilvæga innviði eins og vatnsveitur. RARIK reynir að tryggja raforkuafhendingu eins og kostur er, en ber ekki ábyrgð á afhendingu neysluvatns og þeir sem þá ábyrgð hafa ber að tryggja sér varaafl. RARIK rekur sjálft nokkrar hitaveitur, sem einnig eru mikilvægir innviðir og hver þeirra er með sérstakar varaaflstöðvar til að tryggja afhendingu á heitu vatni þrátt fyrir að rafmagn fari af svæðinu. Það sama gildir um flestar aðrar hita- og vatnsveitur og kemur RARIK ekki að rekstri varaafls þeirra.

RARIK ohf | Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík | Sími: 528 9000 | Fax 528 9009 | rarik@rarik.is

RARIK tekur einnig undir áherslu sveitarfélagsins um að vinna vegna viðgerða sé tilkynnt eins fljótt og unnt er til að hægt sé að bregðast við. Fyrirtækið hefur komið sér upp kerfi tilkynninga, þannig að allir viðskiptavinir sem á annað borð eru tilbúnir til að gefa heimild fyrir því að þeim séu sendar upplýsingar um straumleysi, eða fyrirhugað straumleysi, fái þær sendar. Vandinn er hins vegar sá að aðeins þeir aðilar sem verða rafmagnslausir fá tilkynningar og aðeins þeir sem eru í beinum viðskiptum við RARIK. Viðskiptavinir vatns- eða hitaveitna sem verða fyrir rofi á afhendingu þeirra fá ekki boð frá RARIK, nema þeir verði fyrir rafmagnsleysi líka. Veiturnar verða því sjálfar að senda út tilkynningu ef rof verður á afhendingu þeirra, eða það er áætlað.

RARIK vinnur að því að endurnýja loftlínukerfi sitt með jarðstrengjum og hefur sú vinna staðið frá árinu 1995, til viðbótar við stækkun og styrkingu kerfisins. Eins og áður hefur komið fram er kerfið umfangsmikið og endurnýjun þess þarf því að forgangsraða, en þar er fyrst og fremst litið til afhendingargetu og viðvarandi truflana, en einnig hvort línur eru einfasa eða þriggja fasa. Annars er horft til aldurs kerfisins og línur endurnýjaðar í aldursröð. Nýlegar þriggja fasa línur sem ekki hafa valdið miklum truflunum eru því ekki í fyrsta forgangi, en að sjálfsögðu þarf að endurskoða það komi til þess að þær byrja að valda ítrekuðum truflunum. Gert er ráð fyrir að á næstu 7 árum verði öll býli í ábúð í dreifikerfi RARIK komin með þriggja fasa jarðstrengi til sín og 5 árum seinna verði búið að endurnýja allt dreifikerfið.

Dreifikerfi RARIK í Flóanum samanstendur núna af um 108 km af jarðstrengjum og 41 km af loftlínum. Hlutfallið er því 72,5% sem er á pari við hlutfall jarðstrengja í dreifikerfi RARIK á landsvísu. Á árunum 2018-2022 voru lagðir um 10 km af jarðstrengjum í Flóahreppi. Á þessu ári var lögð í Flóanum álma að Nabba vestan Selfoss. Á næsta ári er áætlað að leggja um 5 km með Holtsvegi, frá Klængsseli að Tóftum. Einnig áætlað að leggja um 7 km jarðstreng frá aðveitustöðinni á Selfossi í austur, að línuenda við Hraungerði. Ári síðar er skv. núverandi áætlun gert ráð fyrir að setja línuna frá Hraungerði að Oddgeirshólum í jörð og frá Stóru Reykjum austur að Urriðafossi og verður þá línan í austur frá Selfossi öll komin í jörð að Urriðafossi. Rétt er að taka fram að verið er að vinna í nánari skiptingu þessara verkefna á milli áranna 2024 og 2025, þannig að það liggur ekki endanlega fyrir hvað verður nákvæmlega lagt á hvoru ári. Þá er rétt að taka fram að fyrir komandi vetur verður farið í nauðsynlegar lagfæringar á línunni austur frá Selfossi til að reyna að fyrirbyggja að hún valdi frekari truflunum.

Vonandi svarar þetta fyrirspurninni, en ef óskað er frekari upplýsinga þá skaltu ekki hika við að hafa samband.

Virðingarfyllst,
f.h. Rarik ohf.

Magnús Þór Ásmundsson
Forstjóri

RARIK ohf | Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík | Sími: 528 9000 | Fax 528 9009 | rarik@rarik.is

## Hulda Kristjánsdóttir

**From:** Samráðsgátt <noreply@island.is>
**Sent:** þriðjudagur, 31. október 2023 22:50
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps
**Subject:** Umsögn móttekin í máli nr. 167/2023: Drög að hvítbók um skipulagsmál og umhverfismatsskýrsla

Ágæti viðtakandi.

Umsögn þín um mál nr. 167/2023, „Drög að hvítbók um skipulagsmál og umhverfismatsskýrsla", hefur verið móttekin.

Að umsagnarfresti liðnum verður unnið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem berast og niðurstöður samráðsins birtar í gáttinni. Hér er hægt er að gerast áskrifandi að málinu og fá tilkynningu þegar niðurstöður hafa verið birtar.

Smelltu hér til að skoða málið nánar.

Kærar þakkir fyrir þátttökuna.

**FLÓAHREPPUR**
480 4370 I floahreppur@floahreppur.is I www.floahreppur.is I Þingborg I 803 Selfoss

**Þingborg, 31. október 2023**
**Tilvísun: Mál nr. 167/2023**

**Efni: Umsögn um drög að hvítbók um skipulagsmál og umhverfismatsskýrslu**

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar fyrir það tækifæri að fá að senda inn umsögn um Hvítbók um skipulagsmál: Drög að landskipulagsstefnu til 15 ára og aðgerðaráætlun til fimm ára.

Sveitarstjórn Flóahrepps vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum vegna hvítbókarinnar og umfjöllun hennar um víðerni þjónustustaði og vegakerfi Suðurhálendis:

- Samkvæmt náttúruverndarlögum átti kortlagning víðerna að vera lokið 1. júní í ár. Flóahreppur lýsir yfir vonbrigðum yfir því að henni sé ekki lokið og telur að setja mætti sér markmið um að ljúka kortlagningu fyrr heldur en 2024-2026 líkt og kemur fram sem markmið í hvítbókinni. Að mati sveitarstjórnar Flóahrepps ætti að setja sér það markmið að kortlagningu víðerna sé lokið á árinu 2024.
- Flóahreppur tekur undir markmið hvítbókarinnar um bætt aðgengi að miðhálendinu, sem er í samræmi við stefnu í tillögu að svæðisskipulagi Suðurhálendis um að bæta stofnvegi.

Flóahreppur tekur undir umsögn Bláskógabyggðar í tengslum við kafla 7.3. um markmið um samkeppnishæft atvinnulíf, áherslu g. og gerir að sinni:

*„Skipulag og uppbygging ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á. Bent er á ósamræmi milli flokkunar og staðsetningar þjónustustaða á Suðurhálendi milli hvítbókar og tillögu að svæðisskipulagi Suðurhálendis sem Skipulagsstofnun hefur fengið til athugunar og svæðisskipulagsnefnd undirbýr nú að auglýsa. Flokkun þjónustustaða í Hvítbók byggir á gömlum upplýsingum og er þar sama og óbreytt frá Svæðisskipulagi miðhálendis 2015, sem nú er úr gildi fallið. Í svæðisskipulagi Suðurhálendis eru tillögur að breytingum á þjónustustöðum og eru þær breytingar fram settar í kjölfarið á rýni sveitarfélaganna á þessum stöðum. Markmiðið með breytingunum er annars vegar að draga úr áætluðu umfangi með því að færa staði niður um flokk, og hins vegar að uppfæra þá staði sem sveitarfélögin meta, út frá stefnu sinni og þeirri uppbyggingu sem er á stöðunum í dag, að eigi að fara upp um flokk.*
*Sveitarstjórn Bláskógabyggðar fer fram á að eftirtaldar breytingar verði gerðar á flokkun þjónustustaða m.t.t. stefnu í tillögu að svæðisskipulagi fyrir Suðurhálendi.*

- *Hólaskógur og Hrauneyjar verði færðar niður um flokk úr jaðarmiðstöð í hálendismiðstöð.*
- *Háumýrar verði færðar niður um flokk úr hálendismiðstöð í fjallasel*
- *Sex skálasvæði færast niður um flokk og verða fjallasel.*
- *Geldingafell verði skálasvæði, en það er nýtt svæði.*
- *Fjögur fjallasel færast upp um flokk og verði skálasvæði; Blágil, Áfangagil, Emstrur/Botnar, Svartárbotnar/Gíslaskáli.*
- *Húsadalur/Markarfljót færist upp úr flokki skálasvæða í hálendismiðstöð."*

**FLÓAHREPPUR**
480 4370 I floahreppur@floahreppur.is I www.floahreppur.is I Þingborg I 803 Selfoss

Flóahreppur bendir á að í hvítbók um skipulagsmál koma fram tilmæli og aðgerðir sem sveitarfélögum er meðal annars falið að vinna inn í sínar skipulagsáætlanir og ýmsum aðgerðum eða verkefnum er beint til ákveðinna stofnana. Því er beint til stjórnvalda að tryggt verði að sveitarfélög og stofnanir þeirra geti mætt þessum auknu kröfum. Veita þarf greiðan aðgang að þjónustu frá ríkinu og nýjum verkefnum þarf að fylgja fjármagn til að gera sveitarfélögum kleift að sinna skyldum sínum í þessum málum.

Flóahreppur leggur áherslu á að breið sátt og samráð ríki um uppbyggingu og staðarval á vindorkuverum.

Að lokum leggur Flóahreppur ríka áherslu á að skipulagsvald sveitarfélaga verði að engu leiti skert, hvorki vegna skipulagsmála er varða þjóðhagslega mikilvæga innviði né annarra skipulagsmála. Lögð er áhersla á að sveitarfélögin hafi fullt skipulagsvald á sínu svæði.

Sveitarstjórn Flóahrepps er reiðubúin til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Flóahrepps

SVEITARSTJÓRI FLÓAHREPPS

Hulda Kristjánsdóttir

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*

Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

stjornarradid.is

Þátttakendur í minningardegi um fórnarlömb umferðarslysa

Reykjavík 29. september 2023
Tilv.: IRN23090043/3.14.0

Efni: Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa 2023

Árlegur alþjóðlegur minningardagur Sameinuðu þjóðanna um fórnarlömb umferðarslysa verður haldinn **sunnudaginn 19. nóvember 2023.** Dagurinn er haldinn þriðja sunnudag í nóvember ár hvert og er fyrst og fremst tileinkaður minningu þeirra sem látist hafa í umferðinni. Að þessu sinni verður dagurinn helgaður fyrstu viðbrögðum og neyðarhjálp á slysstað.

Rótgróin minningarathöfn við þyrlupallinn við Landspítalann verður haldin venju samkvæmt kl. 14 á minningardaginn. Þar verður viðhöfð mínútuþögn, ávörp flutt og þeim starfsstéttum sem veita fyrstu hjálp á slysstað þakkað fyrir óeigingjarnt starf. Starf sem oft er unnið við mjög erfiðar aðstæður en fjöldi fólks á þessum starfstéttum líf sitt og heilsu að þakka.

Þá verða táknrænar minningarstundir haldnar víða um landið sem félög og sveitir í Slysavarnafélaginu Landsbjörgu skipuleggja. Streymt verður frá viðburðum í beinni vefútsendingu á Facebook eftir því sem kostur er.

Dagana fyrir minningardaginn verður vakin athygli á málefnum tengd umferðaröryggi og fyrstu viðbrögðum á slysstað í fjölmiðlum, m.a. með viðtölum, myndböndum og kynningu á samfélagsmiðlum.

Einkennislag minningardagsins, When I Think of Angels, í flutningi KK og Ellenar, verður að venju flutt samtímis á öllum útvarpsstöðum kl. 14. Lagið var samið til minningar um systur þeirra sem lést í umferðarslysi í Bandaríkjunum árið 1992.

**Við þökkum ykkur öllum fyrir að taka virkan þátt í minningardeginum á liðnum árum. Við hlökkum til samstarfsins í ár og óskum þess fá góðan stuðning við skipulagningu minningardagsins.** Hinn árlegi minningardagur er falleg hefð og mikilvæg áminning um hversu áríðandi það er að auka umferðaröryggi með betri samgöngumannvirkjum en ekki síður aukinni árvekni okkar sjálfra, vegfarenda í umferðinni. Þessi minningardagur hefur mikla þýðingu því að við minnumst þeirra sem hafa misst lífið og hugsum til þeirra hafa slasast alvarlega. Minningardagurinn hefur fest sig í sessi og skilað miklum árangri með ykkar stuðningi.

Förum áfram varlega í umferðinni!

Með kærri kveðju

Sigurður Ingi Jóhannsson
Innviðaráðherra

Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

stjornarradid.is

Til þjónustusvæða í málefnum fatlaðs fólks

Reykjavík 5. september 2023
Tilv.: IRN23080121/7.20

Efni: Framlög til úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks 2023-2024

Innviðaráðherra hefur samþykkt breytingu á reglugerð 280/2021 um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem heimilar sjóðnum að úthluta allt að 415 m.kr. til úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks á árunum 2023 og 2024.

Átaksverkefninu var ýtt úr vör vorið 2021 og hefur nú verið framlengt til ársloka 2024. Verkefnið felst í því að bæta aðgengi fyrir fatlað fólk, m.a. í opinberum byggingum, almenningssamgöngum, útivistarsvæðum og almenningsgörðum. Áfram verður unnið í samvinnu við sveitarfélög landsins að tryggja að fatlað fólk hafi aðgengi að samfélaginu til jafns við aðra. Alls var 240 milljónum kr. ráðstafað úr sjóðnum til úrbótaverkefna vegna aðgengismála á árunum 2021 og 2022.

Umsóknir um aðgengisframlög úr Fasteignasjóði skv. 3. gr. skulu berast Jöfnunarsjóði ásamt fullnægjandi gögnum eigi síðar en 31. desember 2024. Jöfnunarsjóður tekur afstöðu til umsókna eftir því sem þær berast og gerir tillögu til ráðherra um úthlutanir að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Jöfnunarsjóður veitir vilyrði fyrir sérstöku framlagi sem veitt er á grundvelli 3. gr. og er framlagið greitt út þegar framkvæmdum er lokið.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir skiptingu fjármagns sem Fasteignasjóði er heimilt að úthluta til þjónustusvæðanna. Ráðgjafarnefnd getur horfið frá skiptingu framlaga ef ljóst þykir að umsóknir um heildarframlög frá tilteknum þjónustusvæðum eru lægri en sem nemur því úthlutunarfjármagni sem áætlað var til svæðanna, sbr. viðauka.

Fyrir hönd ráðherra

Guðni Geir Einarsson

Sigrún Dögg Kvaran

Fylgiskj.: Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks 2023-2024

| | Hlutfall almennra framlaga | Hlutfall framlaga vegna innviða | Föst greiðsla | Jöfnunarsjóður | Fjármagn sveitarfélaga | Samtals | Hlutur Js.sv.fél. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Akranes | 3,3% | 0,0% | 4.000.000 | 13.006.163 | 13.006.163 | 26.012.325 | 50,00% |
| Austurland | 2,6% | 6,6% | 4.000.000 | 14.336.013 | 14.336.013 | 28.672.027 | 50,00% |
| Borgarfjörður | 0,6% | 5,0% | 4.000.000 | 8.097.465 | 8.097.465 | 16.194.930 | 50,00% |
| Dalvík | 0,7% | 0,0% | 4.000.000 | 5.787.041 | 5.787.041 | 11.574.082 | 50,00% |
| Eyjafjörður | 10,7% | 2,9% | 4.000.000 | 34.672.453 | 34.672.453 | 69.344.906 | 50,00% |
| Fjallabyggð | 1,0% | 0,0% | 4.000.000 | 6.791.278 | 6.791.278 | 13.582.556 | 50,00% |
| Garðabær | 3,6% | 0,0% | 4.000.000 | 13.792.301 | 13.792.301 | 27.584.602 | 50,00% |
| Grindavík | 0,7% | 0,0% | 4.000.000 | 5.880.257 | 5.880.257 | 11.760.513 | 50,00% |
| Hafnarfjörður | 7,8% | 0,0% | 4.000.000 | 25.485.164 | 25.485.164 | 50.970.327 | 50,00% |
| Hornafjörður | 0,6% | 0,0% | 4.000.000 | 5.555.876 | 5.555.876 | 11.111.751 | 50,00% |
| Hvalfjarðarsveit | 0,1% | 0,0% | 4.000.000 | 4.359.048 | 4.359.048 | 8.718.096 | 50,00% |
| Kópavogur | 6,6% | 0,0% | 4.000.000 | 22.168.657 | 22.168.657 | 44.337.314 | 50,00% |
| Mosfellsbær og Kjós | 5,8% | 0,0% | 4.000.000 | 19.793.048 | 19.793.048 | 39.586.096 | 50,00% |
| Reykjanesbær | 2,7% | 0,0% | 4.000.000 | 11.385.723 | 11.385.723 | 22.771.446 | 50,00% |
| Reykjavík | 35,2% | 10,2% | 4.000.000 | 105.486.974 | 105.486.974 | 210.973.948 | 50,00% |
| Seltjarnarnes | 1,0% | 0,0% | 4.000.000 | 6.764.358 | 6.764.358 | 13.528.715 | 50,00% |
| Skagafjörður | 2,5% | 11,3% | 4.000.000 | 16.284.021 | 16.284.021 | 32.568.042 | 50,00% |
| Snæfellsnes | 0,7% | 6,1% | 4.000.000 | 8.923.452 | 8.923.452 | 17.846.904 | 50,00% |
| Suðurland | 8,1% | 27,8% | 4.000.000 | 39.740.944 | 39.740.944 | 79.481.887 | 50,00% |
| Suðurnesjabær | 1,1% | 3,3% | 4.000.000 | 8.481.910 | 8.481.910 | 16.963.820 | 50,00% |
| Vestfirðir | 2,1% | 19,5% | 4.000.000 | 19.286.765 | 19.286.765 | 38.573.529 | 50,00% |
| Vestmannaeyjar | 0,9% | 0,0% | 4.000.000 | 6.357.942 | 6.357.942 | 12.715.883 | 50,00% |
| Þingeyjasýslur | 1,8% | 7,4% | 4.000.000 | 12.563.150 | 12.563.150 | 25.126.299 | 50,00% |
| | **100%** | **100%** | **92.000.000** | **415.000.000** | **415.000.000** | **830.000.000** | |

# Bergrisinn bs.

## Ársreikningur 2022

*Bergrisinn bs.*
*Kennitala 570915-0290*
*Austurvegi 2, 800 Selfoss*

**Efnisyfirlit** bls.


Skýrsla stjórnar ........ 2
Áritun óháðs endurskoðanda ........ 3 - 4
Rekstrarreikningur ........ 5
Efnahagsreikningur ........ 6
Sjóðstreymi ........ 7
Skýringar ........ 8 - 12



*Bergrisinn bs.*
*Kennitala 570915-0290*
*Austurvegi 2, 800 Selfoss*

# Skýrsla stjórnar

## Meginstarfsemi Bergrisans bs.

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er því falið skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögum, í samræmi við lög nr. 59/1992 með síðari breytingum, um málefni fatlaðs fólks.

Það er álit stjórnar Bergrisans bs. að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu Bergrisans bs. í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun Bergrisans bs., komi fram í ársreikningnum.

Enginn starfsmaður var á launum hjá Bergrisanum bs. á árinu.

## Framtíðaráform

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á rekstri Bergrisans bs.

Stjórn Bergrisans bs. staðfestir hér með ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2022 með áritun sinni.

Selfossi, 15. maí '23

Fjóla St. Kristinsdóttir
stjórnarformaður

Ása Valdís Árnadóttir
meðstjórnandi

Anton Kári Halldórsson
meðstjórnandi

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar Bergrisans bs.

**Álit**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Bergrisans bs. fyrir árið 2022, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu byggðasamlagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

*Ársreikningurinn innifelur*
- Skýrslu stjórnar.
- Rekstrarreikning ársins 2022.
- Efnahagsreikning 31. desember 2022.
- Sjóðstreymi ársins 2022.
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

**Grundvöllur álits**
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

*Óhæði*
Við erum óháð samlaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samlagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar**
Stjórn ber ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar.
Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi samlagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

**Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum**
Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum samlagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning samlagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa samlagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi þess. Stjórnendum samlagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins**
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samlagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi samlagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að samlagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti ef við á.

Selfossi, 15. maí '23

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Örvar Omrí Ólafsson
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2022

| | Skýringar | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | 3 | | |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | | 2.050.250.054 | 1.604.908.919 |
| Framlög aðildarsveitarfélaga | | 315.168.000 | 273.432.000 |
| Viðbótarframlög aðildarsveitarfélaga | | 0 | 450.000.000 |
| Aðrar tekjur | | 25.794.887 | 55.242.241 |
| | | 2.391.212.941 | 2.383.583.159 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Rekstrarframlög | 4 | 2.128.984.053 | 2.146.267.052 |
| Stuðningsfjölskyldur | 5 | 28.130.916 | 26.054.324 |
| Samningur við Árborg, umsýslukostnaður | | 29.084.425 | 31.916.594 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 204.440.148 | 177.376.936 |
| | | 2.390.639.542 | 2.381.614.906 |
| **Rekstrarafkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði** | | 573.399 | 1.968.253 |
| Afskriftir | 8 | (972.642) | (2.218.642) |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | | (399.243) | (250.389) |
| **Fjármagnsliðir** | 6 | | |
| Vaxtatekjur | | 2.900.008 | 289.043 |
| Fjármagnstekjuskattur | | (608.097) | (36.249) |
| Vaxtagjöld og bankakostnaður | | (3.996) | (2.405) |
| | | 2.287.915 | 250.389 |
| **Afkoma ársins** | | 1.888.672 | 0 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

| | Skýringar | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 8 | | |
| Fasteign | | 44.741.532 | 45.714.174 |
| Bifreið | | 1.246.000 | 1.246.000 |
| | | 45.987.532 | 46.960.174 |
| Áhættufjármunir: | | | |
| Skuldabréf | 9 | 18.260.206 | 18.124.274 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 64.247.738 | 65.084.448 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Krafa á Jöfnunarsjóð | | 286.747.487 | 165.330.988 |
| Skammtímakröfur | 10 | 138.366.901 | 488.194.499 |
| Aðrar kröfur (endurkræfur vsk) | | 7.664.001 | 7.043.890 |
| Handbært fé | 11 | 271.219.068 | 13.655.182 |
| | | 703.997.457 | 674.224.559 |
| **Eignir samtals** | | 768.245.195 | 739.309.007 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 12 | 1.888.672 | 0 |
| **Skuldir** | | | |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | 13 | 766.356.523 | 739.309.007 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 768.245.195 | 739.309.007 |
| **Aðrar upplýsingar** | 1, 2, 7, 14 | | |

# Sjóðstreymi ársins 2022

| | Skýringar | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | 1.888.672 | 0 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 8 | 972.642 | 2.218.642 |
| Áfallnar óinnheimtar tekjur | 9 | (135.932) | (124.274) |
| | | 2.725.382 | 2.094.368 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna- og skuldaliða: | | | |
| (Hækkun) lækkun skammtímakrafna | | 227.790.988 | (414.224.806) |
| (Lækkun) hækkun skammtímaskulda | | 27.047.516 | 422.901.659 |
| | | 254.838.504 | 8.676.853 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 257.563.886 | 10.771.221 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Skuldabréf - lán til Sólheima | 9 | 0 | (18.000.000) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 257.563.886 | (7.228.779) |
| | | 13.655.182 | 20.883.961 |
| **Handbært fé í árslok** | 11 | 271.219.068 | 13.655.182 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er því falið skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögunum, í samræmi við lög nr. 59/1992 með síðari breytingum, um málefni fatlaðs fólks. Upplýsingar um aðildarsveitarfélög og eignarhlut hvers sveitarfélags er að finna í skýringu 14.

Bergrisinn bs er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Austurvegi 2, 800 Selfossi.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan. Ársreikningurinn er gerður á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

## 3. Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi eru færðar á grundvelli þjónustusamninga við aðildarsveitarfélög og framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Aðrar tekjur samanstanda af styrkjum og sérstökum framlögum. Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi.

| Framlög aðildarsveitarfélaga greinast þannig: | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Sveitarfélagið Árborg | 136.968.000 | 120.624.000 |
| Bláskógabyggð | 13.944.000 | 11.568.000 |
| Flóahreppur | 7.896.000 | 6.936.000 |
| Grímsnes- og Grafningshreppur | 6.456.000 | 5.472.000 |
| Hrunamannahreppur | 10.332.000 | 8.640.000 |
| Hveragerðisbær | 37.296.000 | 32.304.000 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 6.300.000 | 6.192.000 |
| Sveitarfélagið Ölfus | 30.264.000 | 26.544.000 |
| Ásahreppur | 3.408.000 | 2.616.000 |
| Mýrdalshreppur | 10.656.000 | 8.208.000 |
| Rangárþing eystra | 22.920.000 | 19.800.000 |
| Rangárþing ytra | 21.744.000 | 18.744.000 |
| Skaftárhreppur | 6.984.000 | 5.784.000 |
| | 315.168.000 | 273.432.000 |

| Viðbótarframlög aðildarsveitarfélaga greinast þannig: | | |
|---|---|---|
| Sveitarfélagið Árborg | 0 | 199.498.050 |
| Bláskógabyggð | 0 | 19.112.737 |
| Flóahreppur | 0 | 11.477.630 |
| Grímsnes- og Grafningshreppur | 0 | 7.577.692 |
| Hrunamannahreppur | 0 | 14.294.400 |
| Hveragerðisbær | 0 | 53.410.659 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 0 | 10.207.586 |
| Sveitarfélagið Ölfus | 0 | 43.906.253 |
| Ásahreppur | 0 | 3.640.510 |
| Mýrdalshreppur | 0 | 13.564.226 |
| Rangárþing eystra | 0 | 32.739.048 |
| Rangárþing ytra | 0 | 31.000.668 |
| Skaftárhreppur | 0 | 9.570.540 |
| | 0 | 450.000.000 |

# Skýringar

## 4. Rekstrarframlög

Rekstrarframlög Bergrisans bs. greinast þannig:

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Árborg, Vallholt 9 | 143.588.494 | 131.263.515 |
| Árborg, Vallholt 12-14 | 133.634.930 | 124.351.177 |
| Vallholt 27 - Búsetuúrræði fyrir börn | 126.366.538 | 125.572.086 |
| Árborg, Þjónustumiðstöð Álftarima | 116.109.069 | 99.387.322 |
| Árborg, VISS | 103.749.389 | 101.764.415 |
| Greiðslur vegna NPA og beingreiðslusamninga | 265.368.127 | 243.906.658 |
| Framlög vegna lengdrar viðveru | 21.469.484 | 13.440.401 |
| Kópurinn | 23.437.457 | 24.385.102 |
| Langtímaveikindi NPA | 0 | 3.037.433 |
| Framlög vegna langtímaleigusamninga | 259.906 | 492.944 |
| Hveragerðisbær, Birkimörk | 147.697.689 | 137.108.921 |
| Sveitarfélagið Ölfus, Selvogsbraut | 164.380.231 | 159.879.712 |
| Sveitarfélagið Ölfus, VISS | 23.198.172 | 25.955.202 |
| Sambýlið Breiðabólsstaður slf | 0 | 21.215.937 |
| Hrunamannahreppur, VISS | 13.590.679 | 14.479.615 |
| Rangárþing eystra, VISS | 15.173.882 | 15.555.459 |
| Skaftholt, sjálfseignarstofnun | 126.943.000 | 158.881.864 |
| Sólheimar ses | 704.017.006 | 630.987.973 |
| Óútdeild framlög | 0 | 114.601.316 |
| | 2.128.984.053 | 2.146.267.052 |

## 5. Stuðningsfjölskyldur

Markmið með stuðningsfjölskyldu er að styðja foreldra í foreldrahlutverki sínu, veita þeim hvíld og/eða styrkja stuðningsnet barns eftir því sem við á og auka möguleika barnsins á félagslegri þátttöku.

## 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar við móttöku greiðslu. Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og annarra krafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Byggðasamlagið er undanþegið tekjuskatti og er greiddur fjármagnstekjuskattur því gjaldfærður meðal fjármagnsliða í rekstrarreikningi.

## 7. Tekjuskattur

Starfsemi byggðasamlagsins fellur undir 4. tl. 4. gr. laga nr. 90/2003 og er samlagið ekki tekjuskattsskylt.

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Fasteign | Bifreið | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Árið 2021:** | | | |
| Heildarverð í upphafi árs | 48.632.100 | 6.230.000 | 54.862.100 |
| | | | |
| Afskrifað í upphafi árs | 1.945.284 | 3.738.000 | 5.683.284 |
| Afskrifað á árinu | 972.642 | 1.246.000 | 2.218.642 |
| Afskrifað í lok árs | 2.917.926 | 4.984.000 | 7.901.926 |
| | | | |
| Bókfært verð í lok árs | 45.714.174 | 1.246.000 | 46.960.174 |

# Skýringar

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, framhald

| | Fasteign | Bifreið | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Árið 2022:** | | | |
| Heildarverð í upphafi árs | 48.632.100 | 6.230.000 | 54.862.100 |
| Afskrifað í upphafi árs | 2.917.926 | 4.984.000 | 7.901.926 |
| Afskrifað á árinu | 972.642 | 0 | 972.642 |
| Afskrifað í lok árs | 3.890.568 | 4.984.000 | 8.874.568 |
| Bókfært verð í lok árs | 44.741.532 | 1.246.000 | 45.987.532 |

Fasteignamat fasteignar samlagsins nemur 73.750.000, vátryggingaverðmæti nemur kr. 74.950.000.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Fasteign | 50 ár |
| Bifreið | 5 ár |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## 9. Skuldabréf

Skuldabréf vegna láns Bergrisa bs. til Sólheima er óverðtryggt og ber 0,75% vexti. Gjalddagi er einn þann 29. janúar 2031. Vextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar og verða innheimtir á gjalddaga skuldabréfsins.

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Staða 1.1. | 18.124.274 | 0 |
| Veitt lán á árinu | 0 | 18.000.000 |
| Áfallnir vextir | 135.932 | 124.274 |
| Staða 31.12. | 18.260.206 | 18.124.274 |

# Skýringar

## 10. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði og sundurliðast þannig:

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Sveitarfélagið Árborg | 67.169.622 | 211.930.051 |
| Hveragerðisbær | 13.094.915 | 59.028.659 |
| Sveitarfélagið Ölfus | 4.766.000 | 46.714.253 |
| Bláskógabyggð | 2.304.000 | 19.976.737 |
| Hrunamannahreppur | 4.158.660 | 15.718.400 |
| Rangárþing ytra | 6.019.898 | 32.608.668 |
| Ásahreppur | 504.000 | 3.904.510 |
| Mýrdalshreppur | 2.496.000 | 14.476.226 |
| Rangárþing eystra | 2.328.000 | 35.049.048 |
| Skaftárhreppur | 7.901.390 | 10.962.540 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 360.000 | 10.567.586 |
| Grímsnes og Grafningshreppur | 1.032.000 | 8.495.692 |
| Flóahreppur | 2.109.480 | 11.703.630 |
| Ríkissjóður Íslands | 24.064.437 | 0 |
| Sólheimar | 0 | 7.000.000 |
| Bjarni Tómasson | 58.499 | 58.499 |
| | 138.366.901 | 488.194.499 |

## 11. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

## 12. Eigið fé

| Yfirlit um breytingu eiginfjárreikninga: | Óráðstafað eigið fé |
|---|---|
| Staða 1/1 | 0 |
| Afkoma ársins | 1.888.672 |
| Staða 31/12 | 1.888.672 |

## 13. Aðrar skammtímaskuldir

| Aðrar skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði og greinast þannig: | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Sveitarfélagið Árborg | 160.378.284 | 399.953.274 |
| Hveragerðisbær | 31.066.032 | 72.485.245 |
| Sveitarfélagið Ölfus | 29.039.192 | 107.032.411 |
| Bláskógabyggð | 306.750 | 0 |
| Hrunamannahreppur | 2.436.675 | 6.622.418 |
| Rangárþing eystra | 4.501.511 | 8.690.811 |
| HLH ehf | 654.720 | 384.400 |
| EAÞ ráðgjöf slf | 0 | 1.939.360 |
| VSB-verkfræðistofa ehf | 502.844 | 0 |
| Lögmenn Suðurlandi ehf | 611.754 | 172.546 |
| Fræðslunetið - símenntun ses | 279.171 | 0 |
| Ás styrktarfélag | 1.669.712 | 0 |
| Viðbótarframlag ársins 2022 til endurgreiðslu | 392.881.336 | 0 |
| Óútdeildur rekstrarafgangur | 142.028.542 | 142.028.542 |
| | 766.356.523 | 739.309.007 |

# Skýringar

## 14. Aðrar upplýsingar

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og bera sveitarfélögin einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags sem miðast við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir 1. janúar ár hvert. Eignarhluti hvers sveitarfélags er reiknaður með sama hætti.

| Eignarhlutur aðildarsveitarfélaga greinist þannig: | 1.janúar 2023 | 1.janúar 2022 |
|---|---|---|
| Sveitarfélagið Árborg | 42,0% | 42,4% |
| Bláskógabyggð | 4,8% | 4,6% |
| Flóahreppur | 2,6% | 2,7% |
| Grímsnes- og Grafningshreppur | 2,0% | 2,1% |
| Hrunamannahreppur | 3,3% | 3,2% |
| Hveragerðisbær | 12,0% | 11,7% |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 2,2% | 2,3% |
| Sveitarfélagið Ölfus | 9,6% | 9,7% |
| Ásahreppur | 1,1% | 1,0% |
| Mýrdalshreppur | 3,3% | 3,2% |
| Rangárþing eystra | 7,6% | 7,7% |
| Rangárþing ytra | 7,0% | 7,1% |
| Skaftárhreppur | 2,5% | 2,5% |
| | 100,0% | 100,0% |

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

